



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Ágæta Nefndarsvið Alþingis,

Umsögn Intact Iceland um frumvarp til laga er varða breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 148. lögjafarþing - þingskjal 183 - 114. mál.

Intact Iceland er fylgjandi 18 ára aldurstakmarki á umskurði drengja án læknisfræðilegrar ástæðu, þannig að þeim verði tryggt jafnrétti á við stúlkur. Okkur finnst það sjálfsgöð mannréttindi að fólk geti sjálft tekið ákvarðanir varðandi óparfar og óafturkræfar aðgerðir á eigin líkama.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Ísland nr. 33/1944 segir: “Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst”. Börn, þá sérstaklega ómálga ungarbörn, geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér og eru þess vegna háð forráðamönnum til ákveðins aldurs. Æðsta hlutverk forráðamanna er að standa með börnunum og gæta réttinda þeirra. Stundum stangast þau réttindi á við sannfæringu forráðamanns varðandi trú og hefðir – það getur reynst foreldrum mjög erfitt. Þó þeir vilji börnum sínum allt það besta, getur verið erfitt að standast félagslegan þrýsting eða að fara móti eigin sannfæringu um nauðsyn einhvers er snýr að barninu. Dæmi um slíkt er blóðgjöf barna í þeim tilfellum þegar trú foreldra bannar slíkt. Annað dæmi er misnotkun eða ofbeldi innan fjölskyldu, þar sem ekki er brugðist við af þeim fullorðnu sem hafa vitneskju um málið, vegna eigin hagsmuna. Við slíkar aðstæður beita yfirvöld sér fyrir því að réttindi barnsins séu höfð í forgangi, óháð því hver á í hlut. Börn eru nefnilega fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, óháð réttindum fullorðinna, samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem varð hluti af íslenskri lögjöf í febrúar 2013.

Hvar skal draga mörkin á meðan sumum foreldrum er leyft að setja eigin sannfæringu um ónauðsynlegar aðgerðir framur sjálfsákvörðunarrétti barnsins? Er verið að mismuna börnum vegna trúar eða sannfæringar foreldra þeirra með þessu? Hefur það í för með sér að sum börn njóti ekki sömu mannréttinda og önnur sökum lífsskoðana eða sannfæringu foreldra þeirra? Eiga börnin ekki alltaf að njóta vafans? Myndum við sjálf samþykkja skerðingu á okkar mannréttindum vegna hagsmuna annarra og hefðum ekkert um það að segja? Í 1. hluta 2. gr. Barnasáttmálans, er það tekið fram að aðildarríki verði að sjá til þess að barni sé ekki mismunað á neinn hátt.

Sumir segja að umskurður hafi kosti í för með sér meðal annars hvað varðar hreinlæti og varnir gegn kynsjúkdómum eins og HIV. Ef hættan er raunveruleg, væri hún þó fyrst fyrir hendi þegar aðili byrjar að stunda kynlíf og því er hún ekkert sem hægt er að nota í rökstuðningi varðandi barn. Hreinlæti er heldur ekkert sem ætti að reynast neinum erfitt á Íslandi árið 2018, þar sem góður aðgangur er að hreinu vatni. Réttast væri að barnið sjálft geti valið hvort því finnst rökin fyrir umskurði, nokkuð sem auðveldlega er hægt að ná fram á annan hátt en með aðgerð, séu það góð að það borgi sig að missa forhúðina. Forhúðin hefur hlutverk og hjá litlum drengjum ver

hún getnaðarliminn gegn óhreinindum og sýkingum. Forhúð fullorðinna karlmanna er kynnæmur vefur sem inniheldur þúsundir taugaenda sem auka tilfinningar og ánægju í kynlífi.

Umskornir einstaklingar þurfa að lifa alla ævi með þeim breytingum sem gerðar voru á líkama þeirra án læknisfræðilegra ástæðna. Dæmi eru um að drengir uppgötvi fyrst að þeir hafi verið umskornir, við kynfræðslu í grunnskólum. Viðbrögð þeirra eru misjöfn. Sumir upplifa reiði og sorg yfir að hluti af þeim hafi verið skorinn af án þeirra samþykkis. Þeir velta því fyrir sér hvernig það væri að hafa forhúð og hvað þeir hafi misst. Aðrir fá loksins skýringu á þeim vandamálum sem hafa hrjád getnaðarlim þeirra allan barndóminn. Við viðurkennum að sumir kunna að vera ánægðir með að hafa verið umskornir sem ungabörn, sem er auðvitað gott mál, en þeim var aldrei boðinn annar möguleiki. Eins eru þeir sem hafa verið umskornir vegna vandamála, með góða upplifunin af umskurði, enda læknisfræðileg ástæða að baki og léttir að fá vandamál leyst. Þessar staðreyndir breyta þó ekki upplifunum eða slæmri reynslu þeirra fjölda drengja og manna sem finnst á sér brotið eða hafa þjáðst, sumir gífurlega, vegna umskurðar sem þeir höfðu ekkert að segja um. Því til stuðnings bendum á þær umsagnir sem þegar hafa borist Alþingi frá fórnarlömbum umskurðar og hvetjum þingmenn til að fara vel yfir þær umsagnir.

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar¹ benda til að tíðni fylgikvilla eftir umskurð á drengjum, sem voru framkvæmdir á skurðstofu við bestu aðstæður, er hærri en áður var haldið eða í um 11,5% tilfella innan tveggja ára frá aðgerð. Samkvæmt niðurstöðunum eru ekki orsakatengsl milli annarsvegar aldurs barnsins og staðsetningar aðgerðarinnar (spítali eða utan) og hinsvegar tíðni fylgikvilla. Við umskurð á litlum sveinbörnum, er forhúðin rifin laus til að hægt sé að skera í hana, eða klemma hana af, til að stoppa blóðflæði, svo húðin falli af. Það fer eftir hver framkvæmir aðgerðina, hvort og þá hvaða deyfing er notuð en deyfing og svæfing í sjálfu sér getur verið hættuleg. Þó svo aðgerðin geti verið hættuleg þá er hún ekki það eina sem barnið þarf að komast í gegnum. Eftir aðgerðina er t.d sýkingar- og blæðingarhætta og dæmi eru um að börnum hafi blætt út í bleyju án þess að tekið væri eftir því, vegna þess að ungabörn þurfa ekki að missa mikið blóð til að missa meðvitund. Er þetta áhætta sem forráðamaður barns á að hafa leyfi til að taka fyrir hönd barnsins?

Lagasetningin getur verndað fleiri en eingöngu þau börnin sem að um ræðir. Stundum sjá foreldrar eftir að hafa látið undan félagslegum þrýstingi. Sumir foreldrar hafa talað um að hafa átt erfitt með að standast þrýsting annarra fjölskyldumeðlima og að þau hefðu viljað óska þess að geta borið slíku banni fyrir sig. Við vitum um mörg dæmi þess að konur á Íslandi hefðu viljað geta sagt að umskurður væri bannaður á Íslandi, til að bjarga börnum sínum frá þessari óþörfu aðgerði. Foreldrar sem tilheyra mismunandi menningarheimum geta einnig verið ósammála um hvort umskera eigi sveinbörn sín og annað foreldrið lifað í ótta um að drengurinn verði umskorinn án þeirra vitneskju. Öðrum foreldrum finnst þau hafa verið svikin þar sem þeim var ekki gerð grein fyrir því nákvæmlega hvernig aðgerðin var gerð eða hvaða afleiðingar hún hefur í för með sér. Rannsóknir og reynslusögur heilbrigðisstarfsmanna hafa einnig sýnt fram á að

¹ **Identification of circumcision complications using a regional claims database.** Glen Lau, Jaewhan Kim og Anthony Schaeffer fra Salt Lake City í Bandaríkjunum. Niðurstöðurnar, sem kynntar verða á ráðstefnu Societies for Pediatric Urology í San Francisco, í Bandaríkjunum, í maí á þessu ári.

Það geta orðið erfiðleikar við brjóstgjöf og tengslamyndun sveinbarna sem hafa verið umskorin. Börnin finna nefnilega bæði til sársauka og óþæginda eftir umskurð, þ.a.m. við að liggja á ákveðinn hátt við brjóstgjöf. Þetta getur reynst erfitt fyrir foreldra og aukið streituálag á fyrstu vikum barnsins. Barnið getur ekki tjáð sig um hvað hrjáir þau í slíkum aðstæðum – það er því mjög erfitt fyrir foreldra að horfa upp á barn sitt gráta og geta ekki róað barnið. Umskurður getur þannig komið í veg fyrir að vel takist með brjóstgjöf, sem auk þess að styrkja tilfinningaleg tengsl milli móður og barns, minnkar t.d. líkur á sykursýki, exemi, krabbameini og offitu seinna á lífsleiðinni.

Verði sett 18 ára aldurstakmark, getur einstaklingur valið að láta umskera sig þegar hann hefur þroska til að mynda sér sjálfstæða skoðun varðandi aðgerðina. Þeir sem ekki aðhyllast trú foreldra sinna eða telja ávinning engan af aðgerðinni geta þá valið að láta ekki umskera sig. Það er kostur við 18 ára aldurstakmark að það er auðveldara að umskera þá sem hafa náð þeim aldri þar sem að forhúðin er orðin laus, bleyja er ekki lengur til staðar og hægt að gefa góða svæfingu án sömu áhættu. Þar að auki getur aðilinn sagt betur til um hvort þörf sé á frekari verkjalyfjum eða látið vita ef eitthvað er að. Hafa ber í huga að heilbrigð börn eru gerð að sjúklingum þegar að þau fara í aðgerðir án læknisfræðilegrar nauðsynjar. Það hefur enginn dáíð vegna forhúðar, en það hafa mörg börn dáíð vegna umskurðar.

Árið 2015, varð lítið land, Malta, fyrsta landið í heiminum til að setja lög sem vernda réttindi intersex barna fyrir læknisfræðilegum aðgerðum, án þeirra samþykkis. Malta sýndi þar fordæmi sem mörg lönd sækja í sem innblástur við eigin lagasetningar.

Verður Ísland fyrsta landið til að vernda mannréttindi drengja?

Virðingarfyllst fyrir hönd Intact Iceland

Íris Björg Þorvaldsdóttir
Steinunn Ketilsdóttir
Pétur Ingi Egilsson
Linda Magnúsdóttir
Thor Viðar Jónsson
Magnús Einarsson Smith
Sigurður Ingi Kjartansson
Helgi Laxdal
Arnór Steinn Ívarsson
Regína Stefnisdóttir
Lilja Björk Erlendsdóttir
Brynja Þorbjörnsdóttir
Dagbjört Barringer
Jórunn Viðar Valgarðsdóttir
Katrín Sif Sigurgeirsdóttir

